

Skálholtsfélagið – fyrr og nú.

„Í huga minn er greipt frá barnsaldri, að endurreisn og virðing Skálholts snúist ekki aðeins um staðinn sjálfan, kirkjulegt og sögulegt hlutverk hans, heldur einnig sjálfsvirðingu þjóðarinnar.“
Úr ræðu Björns Bjarnasonar 2003, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra.

Fyrir hálfri öld, á 6. áratug tuttugustu aldar, vann *Skálholtsfélagið* að því að endurreisa Skálholtsstað úr þeirri niðurlægingu sem staðurinn hafði liðið fyrir í hartnær tvær aldir. Félagið kom með myndarlegum hætti að uppbyggingunni, ásamt fjölmörgum heimamönnum. Auk þess bárust Skálholtsstað margar verðmætar og veglegar gjafir frá erlendum einstaklingum, einkum Norðmönnum, sem og frá ýmsum kirkjulegum samtökum.

Á sama tíma spurðu aðrir, hver væri tilgangurinn með endurreisn staðarins, þar sem „öll vötn féllu“ þá til Reykjavíkur. Hvert yrði framtíðarhlutverk Skálholts með biskupinn sitjandi í Reykjavík?
Þessu svaraði eigandi staðarins, íslenska ríkið, með því að taka myndarlega þátt í endurreisninni og trúa síðan íslensku þjóðkirkjunni fyrir framtíð staðarins.

Það var því fyrir 50 árum að stjórnvöld á Íslandi ákváðu að færa kirkjunni Skálholtsjörðina að gjöf, með öllum gögnum hennar og gæðum. Íslenska þjóðkirkjan hafði reyndar frumkvæði í málinu, en naut um leið tiltrúar á Alþingi sem og margra alda kirkjusögu á staðnum. Í texta lagafrumvarps um afhendinguna eru vangaveltur um framtíð Skálholtsstaðar. Um leið er það talið „eðlilegt“ að horfa til kirkjunnar í þeim efnum.

Eftirfarandi er orðrétt úr lagafrumvarpinu:

„Til að þessi verðmæta alþjóðareign megi ávaxtast á komandi tímum til sem mestra nytja fyrir þjóðina í andlegu og menningarlegu tilliti þarf frumkvæði og forgögnu, sem sprettur af áhuga, vakandi ræktarsemi við þá erfð, sem helgar staðinn í meðvitund þjóðarinnar og samtök um að gera hana með tímberum aðferðum frjóa fyrir nútíð og framtíð.“

Skálholtsfélagið hélt áfram að styðja við Skálholtsstað, ásamt fjölda hugsjónafólks nær og fjær, árum saman. En að því kom að félagið lagðist af.

Á Skálholtshátíð sl. sumar var stofnað *Skálholtsfélag hið nýja*, á grunni hins eldra og því sett lög. Fram að fyrsta aðalfundi sem verður 20. júlí 2014 er skipuð bráðabirgðastjórn sem í sitja Guðmundur Ingólfsson frá Iðu, Halldóra J. Þorvarðardóttir prófastur Suðurprófastsdæmis, Jón Sigurðsson rekstrarhagfræðingur og fyrrverandi skólustjóri, K. Hulda Guðmundsdóttir frá Fitjum og Karl Sigurbjörnsson biskup.



Stjórn ásamt vígslubiskupi

Skálholtsfélagið kynnir

Skálholt - hvað ætlar þú að verða?

Málþing um stöðu og framtíð Skálholts - í Skálholti laugardaginn 19. október.

Hefst stundvíslega kl. 13:00 og stendur til rúmlega 16:00

Enginn aðgangseyrir – en gestum gefst kostur á að kaupa málsverð fyrir þingið og kaffi kl. 14:15-14:45

Allir hjartanlega velkomnir

Dagskrá – fyrri hluti. Setning og framsöguerindi:

13:00 Setning - Jón Sigurðsson formaður Skálholtsfélagsins, sem jafnframt stýrir fyrri hluta.

13:10 Framtíðarsýn minjavörslu í Skálholti - Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður og Pétur H. Ármannsson, arkitekt frá Minjastofnun Íslands.

13:30 Uppbygging sjálfbærrar menningarferðaþjónustu - Edward H. Huijbens, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og prófessor við Háskólann á Akureyri.

13:50 Skipulag Skálholtsjarðarinnar - Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu kynnir matslýsingu deiliskipulags fyrir Skálholtsjörðina og Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup fjallar um framtíðarsýn í Skálholti.

14:15 – 14:45 kaffihlé

Dagskrá – síðari hluti. Pallborð og almennar umræður.

Sr. Bernharður Guðmundsson stýrir.

14:45 Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu, Margrét Jónsdóttir kirkjuþingfulltrúi leikmanna Suðurprófastsdæmis og Þorfinnur Þórarinsson bóndi á Spóastöðum og fulltrúi í Skálholtssókn bregðast stuttlega við framsöguerindum.

15:05 – 16:00 almennar umræður um framtíðarsýn í Skálholti. Gestir eru hvattir til að taka virkan þátt!

Lokaorð - Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir.

Allir hjartanlega velkomnir